

Siðareglur kjörinna fulltrúa í Snæfellsbæ

1.gr.

Markmið siðareglananna

Markmið þessara reglna er að skilgreina það hátterni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Snæfellsbæjar. Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa og aðra þá sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Snæfellsbæ.

2.gr.

Lög og reglur

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Snæfellsbæjar, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu og að við ákvarðanatöku ráði málefnaleg og lögmæt sjónarmið.

3.gr.

Ábyrgð og upplýsingar

Kjörnum fulltrúum ber að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að axla ábyrgð á ákvörðunum sínum og rökstyðja þær. Kjörnir fulltrúar upplýsa eins og kostur er íbúa Snæfellsbæjar um störf sín og annað sem skiptir máli í rekstri sveitarfélagsins.

4.gr.

Umboð og háttvísi

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Snæfellsbæjar. Kjörnir fulltrúar sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Snæfellsbæjar virðingu. Þeir koma fram af háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

5.gr.

Ábyrg meðferð á almannafé

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé.

6.gr.

Trúnaður

Kjörnir fulltrúar gæta þagmælsku og trúnaðar um málefni sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Snæfellsbæjar.

7.gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna, eða annarra sem þeim eru tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Snæfellsbæ lýkur. Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum síðnum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20 .gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

8.gr.

Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir frá íbúum og viðskiptavinum Snæfellsbæjar, eða þeim sem leita eftir verkefnum eða þjónustu sveitarfélagsins nema um sé að ræða óverulegar gjafir, þannig að túlka megi sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum bæjarstjórnar eða nefnda/ráða.

9.gr.

Umræður og endurskoðun

Siðareglur þessar skulu teknar til umræðu í bæjarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf þykir. Þær skulu síðan kynntar kjörnum fulltrúum í nefndum og ráðum.

10.gr.

Miðlun siðareglna til starfsmanna og íbúa

Skrifstofa Snæfellsbæjar kynnir siðareglurnar fyrir starfsmönnum og íbúum Snæfellsbæjar.